

Nd.

18. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. efnismálsgr. 3. gr. l. nr. 20/1942 orðist svo:

Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, má draga frá tekjum nýbyggingarsjóðstillag, sem nemur $\frac{1}{3}$ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Þau félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, mega draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur $\frac{1}{3}$ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, þó aldrei lægri upphæð en félögum þessum er skylt að leggja í varasjóð, samkv. lögum nr. 46 frá 13. júní 1937, 24. grein.

2. gr.

5. gr. sömu laga orðist svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	kr. 1500.00
— hjón	— 3000.00
— hvert barn	— 1200.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 1300.00
— hjón	— 2600.00
— hvert barn	— 1000.00

3. gr.

23. gr. laga nr. 6/1935 orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar 7 skattstjóra á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað, í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Skattstjórar skulu hafa þekkingu á bókhaldi og endurskoðun. Skattstjórar hafa hver í sínum kaupstað sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan þessara kaupstaða. Þó skulu þeir ekki eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd, nema þeir séu til þess kosnir af viðkomandi bæjarstjórn.

Með reglugerð skal öllu landinu utan Reykjavíkur skipt í 6 skattaumdæmi, og hefur hver þeirra sex skattstjóra, sem eru utan Reykjavíkur, eftirlit með skattanefndum í hverju umdæmi fyrir sig. Skattstjórar þessir skulu vera umboðsmenn ríkisskattanefndar í umdæmi sínu og ráðunautar yfirskattanefnda þess, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

Skattstjórar geta, hver í sínu umdæmi, krafizt réttarrannsóknar um ákveðin atriði varðandi tekjur og eignir skattþegna. Ef krafa um réttarrannsókn kemur fram frá skattstjóra, er héraðsdómara skylt að framkvæma hana þegar í stað. Skattstjóri á rétt á að vera viðstaddur í réttarhöldum og bera sjálfur fram spurningar fyrir skattþegn eða vitni, sem í réttinum mæta. Að öðru leyti skal fara um réttarrannsóknir þær, sem hér um ræðir, að hætti opinberra mála.

4. gr.

8. gr. laga nr. 20/1942 orðist svo:

a- og b-liðir 30. gr. laganna verða einn liður, er nefnist a-liður, svo hljóðandi:

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu fá greiddar 25 krónur á dag auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yfirskattanefndarmenn fá auk þess greiddan ferðakostnað.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir lok janúarmánaðar“ í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1935 kemur: fyrir 20. dag janúarmánaðar.

6. gr.

11. gr. laga nr. 20/1942 falli niður.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. b. (56. gr.) sömu laga orðist svo:

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. laga nr. 6/1935 og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. ákvæðum 3. gr. 3. mgr., og gilda þá um það framlag þær reglur, er greinir í 14. gr. c—f-liðum.

8. gr.

14. gr. c. (57. gr.) sömu laga orðist svo:

Útgerðarfélag ráðstafar sjálf því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, og því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern hátt annan en að framan greinir um lengri eða skemmri tíma, eða það notað til greiðslu á tapi á út-

gerð, skal greiða af því skatta jafnháa þeim sköttum, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskyllt.

Nýbyggingarsjóðsnefnd lætur útgerðarfélögum í té samþykki til ráðstöfunar á fé úr nýbyggingarsjóði, þegar fullnægjandi skilríki hafa verið lögð fyrir nefndina fyrir því, að fénu eigi að verja í samræmi við lög þessi. Nefndin skal láta ríkisskattanefnd úrskurða, hvaða skatta greiða skuli af fénu, eigi að verja því til greiðslu á tapi á útgerð, áður en nefndin gefur samþykki sitt til þess, að féð verði tekið úr sjóðnum. Síðan greiðir bankinn, sem geymir nýbyggingarsjóðsféð, skattana til ríkissjóðs, en eftirstöðvarnar til eigandans.

9. gr.

Í stað „20%“ í 14. gr. g. (61. gr.) sömu laga komi: $\frac{1}{3}$.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 20 20. maí 1942 svo og aðrar breytingar, sem gerðar kunna að hafa verið á lögum nr. 6 9. jan. 1935, inn í texta þeirra laga og gefa þau út á ný svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er að mestu leyti samhljóða frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögum, sem lá fyrir síðasta Alþingi, eða eins og það var eftir samþykkt þess við 3. umr. í Nd. Þó eru í þessu frv. felldar niður tvær síðustu málsgreinar 1. gr. frv. frá síðasta þingi.

Þær breytingar frá núgildandi skattalögum, sem frv. þetta miðar aðallega að, eru þessar:

1. Skattfrelsi almennra hlutafélaga (þ. e. allra hlutafélaga annarra en þeirra, sem útgerð reka) er afdnum.

Nú hafa hlutafélög, sem reka verzlun, kvikmyndasýningar, fasteignasölu o. fl. þess háttar, $\frac{1}{3}$ hluta af nettó tekjum sínum skattfrjálsan. Samkv. upplýsingum millipinganeftdar í skattamálum mundi afnám skattfríðinda þessara félaga hafa numið rúmum 2 milljónum króna í auknum skattatekjum árið 1943 aðeins í Reykjavík.

2. Með frv. er lagt til, að það ákvæði dýrtíðarlaganna frá 13. apríl 1943 um að hækka skattfrjálst nýbyggingarsjóðsframlag einstaklinga og sameignarfélaga, sem útgerð stunda, úr $\frac{1}{3}$ í $\frac{1}{3}$ af nettó tekjum, verði tekið upp í sjálf skattalögin til frambúðar.
3. Þá er ætlað til með frv., að skattfrelsi hlutafélaga, sem útgerð stunda, miðist eingöngu við, að það fé sé lagt í nýbyggingarsjóði. Nú hafa þessi félög $\frac{1}{3}$ af nettó tekjum sínum skattfrjálsan, en þurfa eigi að leggja nema helming þess fjár í nýbyggingarsjóði. Samkv. frv. er ætlað til, að framlag þessara félaga hækki um helming til nýbyggingarsjóðanna.
4. Samkv. frv. er lagt til, að persónufrádrátturinn hækki mjög verulega frá því, sem nú er. Þannig mundi persónufrádráttur einstaklings í Reykjavík hækka úr 900 kr. í 1500 kr. miðað við umreiknaðar tekjur.
5. Skipa skal 7 skattstjóra í kaupstöðum landsins, sem hafa skulu sama vald og sömu störf og skattaneindir.
6. Auk þessa eru í frv. ákvæði til aukinnar tryggingar því, að fé nýbyggingarsjóðanna renni í reyndinni til þess, sem ráð hefur verið fyrir gert, en það er til aukningar og endurnýjunar skipastólsins.

Flestir eru á einu máli um það, að framangreindar breytingar séu til verulegra bóta á skattalögum, enda sýndi það sig við afgreiðslu Nd. Alþingis s. l. haust, að meiri hluti þingmanna í Nd. taldi rétt að samþykkja þessar breytingar. Þeir menn, sem einkum stóðu gegn frv. þá, báru mjög fyrir sig ákvæði þau í frv., sem nú hafa

verið niður felld. Þau ákvæði eru að dómi flm. alger aukaatriði, sem þarflaust er um að deila, og því hafa þau verið felld niður úr þessu frv. Þegar í byrjun þessa þings leitaðist Sósíalístaflokkurinn fyrir um það hjá Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum, en þeir flokkar báðir höfðu mjög talið sig fylgjandi þessum breytingum, hvort þeir vildu ekki flytja þetta frv. nú ásamt Sósíalístaflokknum. Hvorugur þessara flokka hefur þó fengið til flutnings á málinu. Tvívegis áður hefur það komið fyrir, að þessar og fleiri breytingar á skattalögum hafa verið komnar alllangt áleiðis í þinginu og að þeim breytingum hefur staðið meiri hluti þingmanna samkv. yfirlýsingum flokkanna og aðalblaða þeirra, en þrátt fyrir það hefur svo farið, þegar til úrslita var að draga, að einhver fyrirbára hefur skotið upp kollinum — eins og þingfrestun eða stutt þinghald — og ekkert orðið úr breytingum.

Ef það er raunverulegur vilji Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins að koma fram þessum breytingum á skattalögum, þá er hægurinn hjá að fá þær samþykktar á þessu þingi og án þess að lengja þurfi þinghald þess vegna, m. a. vegna þeirrar athugunar, sem málið fékk á síðasta þingi.